

Matstæki fyrir lærdómssamfélag

Lykilhugtök:

- Skólastjóri (principal) = ekki aðstoðarskólastjóri eða deildarstjórar
- Starfsfólk (staff) = allt starfsfólk sem kemur með einhverjum hætti að námskrárvinnu, kennslu og mati nemenda
- Hagsmunaaðilar/haghafar (stakeholders) = foreldrar og aðrir aðilar í samfélaginu

Staðhæfing		Kvarði			
		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
Dreifð og styðjandi forysta					
1.	Starfsfólk tekur virkan þátt í umræðum og ákvörðunartöku um flest þau málefni er varða skólann.				
2.	Skólastjóri leitar álits annarra við ákvarðanatöku.				
3.	Starfsfólk hefur aðgang að lykilupplýsingum (hverjar eru þær?).				
4.	Skólastjóri er framsýnn og vekur athygli á þeim þáttum í skólastarfinu sem þarf að efla.				
5.	Starfsfólk hefur tækifæri til gera breytingar.				
6.	Skólastjóri deilir ábyrgð og vekur athygli á nýbreytni í starfi skólans.				
7.	Skólastjóri starfar með starfsfólki á lýðræðislegan hátt og styður við sameiginlega ákvarðanatöku og valdeflingu.				
8.	Lögð er áhersla á að styðja við og hvetja til þess að starfsfólk taki forystu.				
9.	Ákvarðanatöku á sér stað eftir samtal í nefndum og ráðum þvert á námsgreinar og stig.				
10.	Hagsmunaaðilar líta svo á að þeir beri sameiginlega ábyrgð á námi nemenda.				
11.	Starfsfólk nýtir fjölbreytt gögn til ákvörðunartöku er varðar kennslu og nám.				
Athugasemdir:					

Olivier, D.F., Hipp, K. K. (2010). Assessing and analyzing schools as professional learning communities. In K. K. Hipp & J. B. Huffman (Eds), *Demystifying professional learning communities: School leadership at its best*. Lanham, MD: Rowman & Littlefield.

Birna Svabjörnsdóttir þýddi og staðfærði í samvinnu sérfræðinga MSHA og nokkra skólastjórnendur, grunnskólakennara og kennaranema.

Professional Learning Communities Assessment - Revised
Matstæki fyrir lærdómssamfélag

Staðhæfing		Kvarði			
		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
12.	Samstarf starfsfólks einkennist af ígrundun, samræðu og samvinnu og styður við sameiginleg gildi starfsfólks.				
13.	Sameiginleg gildi liggja til grundvallar viðmiðum skólans um kennslu og nám.				
14.	Starfsfólk hefur þá sameiginlegu sýn að skólaþróun sé ætlað að efla nám nemenda.				
15.	Ákvarðanir eru teknar í samræmi við gildi og sýn skólans.				
16.	Lögð er áhersla á samvinnu starfsfólks með það að markmiði að efla sameiginlega sýn á megintilgang skólastarfsins.				
17.	Lögð er áhersla á heildstæða sýn á nám nemenda í stað þess að horfa einungis á niðurstöður kannana eða prófa.				
18.	Stefnur og áætlanir eru í samræmi við sýn skólans.				
19.	Hagsmunaaðilar eru hvattir til þess að hafa jákvæðar væntingar um námsárangur nemenda.				
20.	Fyrirliggjandi gögn (s.s. niðurstöður mats og rannsóknir) eru notuð til þess að forgangsraða verkefnum/aðgerðum með hliðsjón af sameiginlegri sýn skólans.				
Athugasemdir:					

Olivier, D.F., Hipp, K. K. (2010). Assessing and analyzing schools as professional learning communities. In K. K. Hipp & J. B. Huffman (Eds), *Demystifying professional learning communities: School leadership at its best*. Lanham, MD: Rowman & Littlefield.

Birna Svanbjörnsdóttir þýddi og staðfærði í samvinnu sérfræðinga MSHA og nokkra skólastjórnendur, grunnskólakennara og kennaranema.

Professional Learning Communities Assessment - Revised
Matstæki fyrir lærdómssamfélag

Staðhæfing		Kvarði			
		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
21.	Starfsfólk vinnur saman að því að auka við þekkingu sína, hæfni og leikni og innleiða afrakstur þess í daglegu starfi.				
22.	Samstarfsmenning er ríkjandi á meðal starfsfólks sem birtist m.a. í skuldbindingu þess við þróunarstarf skólans.				
23.	Starfsfólk skipuleggur og vinnur saman að því að leita leiða til að mæta mismunandi þörfum nemenda.				
24.	Í skólanum er lögð áhersla á að skapa fjölbreytt skilyrði til sameiginlegrar faglegrar starfsþróunar og svigrúm gefið til umræðna og skoðanaskipta.				
25.	Starfsfólk tekur virkan þátt í umræðum þar sem virðing er borin fyrir mismunandi hugmyndum og áhersla lögð á ígrundun og skoðanaskipti.				
26.	Fagleg starfsþróun beinist að námi og kennslu.				
27.	Starfsfólk skólans og hagsmunaaðilar auka í sameiningu við þekkingu sína og beita henni við úrlausn mála.				
28.	Starfsfólk skólans finnur sig skuldbundið til að beita kennsluháttum sem stuðla að námi nemenda.				
29.	Starfsfólk leitast við að greina fjölbreytt gögn í þeim tilgangi að meta árangur af mismunandi kennsluháttum.				
30.	Starfsfólk greinir í sameiningu gögn frá nemendum og draga af þeim lærdóm með það að markmiði að efla enn frekar nám og kennslu.				
Athugasemdir:					

Olivier, D.F., Hipp, K. K. (2010). Assessing and analyzing schools as professional learning communities. In K. K. Hipp & J. B. Huffman (Eds), *Demystifying professional learning communities: School leadership at its best*. Lanham, MD: Rowman & Littlefield.

Birna Svabjörnsdóttir þýddi og staðfærði í samvinnu sérfræðinga MSHA og nokkra skólastjórnendur, grunnskólakennara og kennaranema.

Professional Learning Communities Assessment - Revised
Matstæki fyrir lærdómssamfélag

Staðhæfing		Kvarði			
Miðlun eigin starfsreynslu til samstarfsfólks		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
31.	Starfsfólki gefast tækifæri til að fylgjast hvert með öðru að störfum og þiggja endurgjöf frá jafningjum.				
32.	Starfsfólk veitir jafningjum endurgjöf varðandi daglegt starf þeirra með nemendum.				
33.	Starfsfólk deilir óformlega með sér hugmyndum og tillögum sem stuðlað geta að framförum í námi nemenda.				
34.	Starfsfólk vinnur saman að endurskoðun á verkefnum og vinnu nemenda með það að leiðarljósi að efla eigið starf/kennslu.				
35.	Starfsfólk fær handleiðslu og leiðsögn í starfi.				
36.	Bæði einstaklingum og teyllum bjóðast tækifæri til að bæta við þekkingu sína, t.d. með þátttöku í starfsþróunarverkefnum, og miðla til annarra framgangi þeirra og afrakstri.				
37.	Starfsfólk miðlar reglulega dæmum um afurðir af vinnu nemenda í þeim tilgangi að styðja almennt við þróun skólstarfsins.				
Athugasemdir:					

Staðhæfing		Kvarði			
Styðjandi aðstæður - samskipti		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
38.	Starfsfólk ber umhyggju fyrir nemendum og samskipti í skólanum einkennast af trausti og virðingu.				
39.	Í skólanum ríkir traust og virðing sem auðveldar starfsfólki að taka áhættu og prófa nýjungar.				
40.	Vakin er athygli á framúrskarandi starfi/árangri í skólanum.				
41.	Starfsfólk skólans og hagsmunaaðilar eru samstíga í því að láta vilja til skólaþróunar einkenna menningu skólans.				
42.	Starfsfólk er sammála um mikilvægi þess að unnið sé af heilindum með fyrirbyggjandi gögn er varða árangur nemenda með það að leiðarljósi að efla enn frekar nám og kennslu.				
Athugasemdir:					

Olivier, D.F., Hipp, K. K. (2010). Assessing and analyzing schools as professional learning communities. In K. K. Hipp & J. B. Huffman (Eds), *Demystifying professional learning communities: School leadership at its best*. Lanham, MD: Rowman & Littlefield.

Birna Svabjörnsdóttir þýddi og staðfærði í samvinnu sérfræðinga MSHA og nokkra skólastjórnendur, grunnskólakennara og kennaranema.

Professional Learning Communities Assessment - Revised
Matstæki fyrir lærdómssamfélag

--

Staðhæfing		Kvarði			
		Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
43.	Sérstakur tími er ætlaður til samvinnu.				
44.	Dagskipulag/stundaskrá í skólanum styður við tækifæri starfsfólks til að læra hvert af öðru og saman.				
45.	Gert er ráð fyrir fjármagni til starfsþróunar.				
46.	Viðeigandi tækjabúnaður og kennsluefni er aðgengilegt starfsfólki.				
47.	Skólaþjónusta og aðrir sérfræðingar styðja við starfsþróun og nám starfsfólks.				
48.	Húsnæði skólans er þrifalegt, hlýlegt og notalegt.				
49.	Skipulag á vinnuaðstöðu auðveldar starfsfólki að eiga samstarf.				
50.	Upplýsingakerfi skólans styður við miðlun upplýsinga á milli starfsfólks.				
51.	Virkt upplýsinga-/samskiptakerfi er til staðar í skólanum sem tryggir að allir aðilar í skólasamfélaginu, s.s. foreldrar, fræðsluskrifstofa og nærsamfélagið, fái nauðsynlegar upplýsingar.				
52.	Gögn er varða skólastarfið eru skipulega fram sett og aðgengileg starfsfólki.				
Athugasemdir:					

Olivier, D.F., Hipp, K. K. (2010). Assessing and analyzing schools as professional learning communities. In K. K. Hipp & J. B. Huffman (Eds), *Demystifying professional learning communities: School leadership at its best*. Lanham, MD: Rowman & Littlefield.

Birna Svanbjörnsdóttir þýddi og staðfærði í samvinnu sérfræðinga MSHA og nokkra skólastjórnendur, grunnskólakennara og kennaranema.